

## Fundargerð – Íbúafundur 5. 3. 2020 kl 20:00 í Nýheimum

Fundarstjóri: Ásgerður Gylfadóttir

Frummælendur Matthildur Ásmundardóttir og Ásgrímur Ingólfsson.

Dagskrá fundarins:

1. Þétting byggðar
2. Framtíðaruppbyggingarsvæði
3. Ferðaþjónustukafli aðalskipulags
4. Önnur mál

### 1. Þétting byggðar

Matthildur fer yfir málið, aðdraganda og stöðu málsins. Farið var yfir athugasemdir íbúa og svör sveitarfélagsins við þeim.

Ásgrímur fór yfir stöðu á lóðum. 7 lóðir til úthlutunar. Forsendur, forathuganir og vangaveltur bæjarstjórnar.

Umræður:

- Fram kom að íbúar hafa haldið áfram að safna undirskriftum og telur undirskriftalistinn nú 130 íbúa og fullyrt að yfirgnæfandi meirihluti íbúa hverfisins væri á móti skipulaginu. Rætt var um hversu þungt slík mótmæli vega ef hagsmunir bæjarbúa eiga að vera að leiðarljósi og óskað eftir íbúakosningu um málið. Bent var á að ef 25% íbúa skrifar undir ósk um íbúakosningu verður bæjarstjórn að bregðast við því samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins.
  - Í svörum kom fram að fundurinn væri haldinn sem liður í viðbrögðum við mótmælum. Athugasemdir íbúa eru teknar alvarlega og leitað er leiða til þess að koma til móts við þær. Bent var á að það að hætta við skipulagið sé ekki eina mögulega svarið.
- Íbúar hafa miklar áhyggjur af sigi og áhrifum á nálæg hús vegna framkvæmda á lóðunum þar sem djúpt sé niður á fast og mikil bleyta í jarðvegi. Bent var á dæmi um slíkt í bænum og spurt hvort sveitarfélagið tæki á sig ábyrgð ef sig kæmi fram.
  - Í svörum kom fram að bærinn hefur ekki heimild til að taka á sig slíka ábyrgð og tekur ekki meiri ábyrgð á þessum framkvæmdum en framkvæmdum við aðra þéttingarreiti. Það er tillaga starfsmanna bæjarins að leitað verður álits verkfræðinga vegna jarðvegsaðstæðna og mögulegra áhrifa og settir inn skilmálar í skipulag til mótvægis.
- Fram kom athugasemd um að reynt hefði verið að komast hjá samtali við íbúa með því að vinna óverulega breytingu á skipulagi og að horft væri fram hjá því sem íbúar væru að reyna að segja.
  - Í svörum kom fram að farið hefði verið yfir athugasemdir íbúa lið fyrir lið á fundinum.

- Farið var yfir og rætt um kostnað vegna lóðanna. Spurt var hvort uppfylling á Leirunni væru inni í þeim kostnaðartölum sem farið var yfir. Bent var á að skilmálar í skipulagi gætu verið íþyngjandi og aukið kostnað húsbýggjenda sem gerir lóðirnar ekki eftirsóknarverðar. Erum við á réttri leið ef við erum að leita að hagkvæmum lóðum sem hægt er að úthluta fljótt?
  - Í svörum kom fram að kröfur þyrftu að vera raunhæfar. Byggingarlóðum fylgja kostir og gallar en ljóst væri að skilmálar mættu ekki vera of íþyngjandi.
- Rætt var um þörf fyrir lóðir á næstu árum og íbúafjölgun, hvernig verður Höfn eftir 20 ár eða 50 ár?
  - Fram kom að íbúafjölgun í sveitarfélaginu hefði verið umfram væntingar síðustu árin en stærstur hluti hennar hefði verið í dreifbýlinu. Rætt var um það á hverju slíkar spár byggjast sem eru fyrst og fremst tölur frá Hagstofu Íslands og húsnæðisáætlun sveitarfélagsins. Bent var á að önnur uppbygging í sveitarfélaginu s.s. í Lóni gæti haft áhrif á íbúafjölda. Mjög ólík sýn kom fram um fjölgun í búa á næstu árum. Fram kom að vilji fundarmanna væri að byrjað yrði að skipuleggja nýtt hverfi á nýjum stað. Í svörum kom fram að til þess þyrfti meiri fjárfestingu sveitarfélagsins sem óvíst væri hvenær skilaði sér til baka. Auk þess að það er talið minna umhverfisrask sem fylgir því að byggja inni í íbúðarhverfum. Vakin var athygli á því að lóðir á Leirunni voru gefnar.
- Einnig var bent á að unnið væri að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis annarstaðar í sveitarfélaginu einnig, s.s. í Örafum og Suðursveit og að víða væri þörf. Fram kom að hlutverk sveitarstjórnar væri að vinna fyrir alla íbúa sveitarfélagsins og nýta skatttekjur sem best.
  - Íbúar bentu á að auk þess ætti bæjarstjórn að hlúa að íbúum og grænum svæðum í sátt við íbúana.
- Bent var á að vandað hafi verið til verka við að velja staði fyrir húsin til að m.a. skerða útsýni sem minnst. Húsum hefði verið fækkað frá fyrstu hugmyndum. Útivistarsvæði voru merkt í könnun í samstarfsverkefni norrænna bæja m.a. þar sem þéttingarsvæðin eru.
  - Fram kom að áður hefði verið áætlað að byggja á þessum svæðum en það hafi ekki þótt hagkvæmt, auk þess sem þá hefði einnig verið mótmælt.

## 2. Framtíðaruppbyggingarsvæði

Ágsgrímur fór yfir forsendur – þjóðveg í þéttbýli, stærðir og möguleg svæði.

Ýmislegt kom upp í umræðunni hér að neðan eru helstu atriðin sem voru rædd.

- Sleppa grænu svæðunum og fara í ný byggingarsvæði.
- Þarf frekari uppfyllingar?
- Þjóðvegur í þéttbýli – lega og uppbygging

- Tillaga að fara með veginn um Ægisíðuna.
- ÍB5 og ÍB2
- Hvað með tjaldstæðið? Væri hægt að byggja þar?
- En golfvöllurinn?
- Ný svæði verði tengd með brúm, s.s. Ægissíða eða Mikley
- Má bæta við bara nokkrum lóðum við Leirusvæði, þarf að byggja stór svæði í heild sinni?
- Íbúasamsetning er öðruvísi en annarstaðar á landinu, færri barnafjölskyldur, er það vegna skorts á íbúðum eða vegna þess að sífellt sé verið að ganga á græn svæði.
- Næstu skref eru umfjöllun í skipulagsnefnd, hefja umræðu og ígrunda hvar skuli byrja.

### 3. Ferðabjónustukafli aðalskipulags

Ásgrímur fór yfir forsendur og stöðu málsins. Kosti, galla og vangaveltur.

Fram komu ýmis sjónarmið á fundinum.

- Bent var á að 90 dagar og 2 millj. ætti að duga til að brúa bil flestra. Slæm reynsla frá síðustu árum og að nágrennar eigi líka rétt á því að vera í friði í íbúðabyggð.
- Gallinn við heimagistingarleyfi er að einhver þarf að búa í íbúðinni og það þarf að hafa eftirlit með því. Heilbrigðisfulltrúi tekur út gistiheimili á hverju ári og gæti verið með eftirlit. Lækkar verð og skekkir samkeppnisstöðu við gistihús sem þurfa að fara eftir strangari reglum.
- Það sjónarmið kom fram að ekki þyrfti endilega alltaf að uppfylla eftirspurn.
- Fjárfesting í Hótelbransanum mikil í dag. Ferðamönnum að fækka, samkeppni að aukast og verð að lækka. Mikilvægt fyrir sveitarfélagið að styðja við þá aðila sem eru í rekstri núna. Þarf 50 herbergi a.m.k. til að vera með arðbærar einingar. Stærri einingar líklegri til að vera með faglegri nálgun.
- Eykur fjölbreytileikann.
- Bent var á að unnið væri að því að byggja upp vetrarferðamennsku. Gistiheimili fá enn megnið af tekjum sínum yfir sumarið. Ekki samhengi við áfangastaðaáætlun ferðamannastaða.
- Þetta hefur líklega bjargað mörgum í kreppunni að geta gert þetta.
- Er ekki hjákátlegt að vera að skipuleggja miðbæ og slíkt og leyfa síðan allskonar atvinnustarfsemi í íbúðabyggð. Hvernig ætla menn þá að skapa líf á miðsvæðum.
- Lausn á húsnæðisvanda. Þetta hangir allt saman. Vantar íbúðir, unnið að uppbyggingu gistingar.....Ekkert leiguhúsnæði í boði.
- Ýmis starfsemi heimiluð inni í íbúðabyggð.
- Viljum við að eignamenn sem búa annarstaðar hirði ágóðann af gistingunni? Á móti var bent á fjárfestingu á svæðinu.
- Rætt var um möguleika á fjármögnun gistiherbergja – erfitt að fjármagna glæsilega gistingu á landsbyggðinni.
- Er stætt á að banna þetta? Hvernig er með eignarréttinn?
- Fram komu andstæð sjónarmið þar sem fólk vill ekki sjá þetta inni í íbúðarhverfi allt árið en leyfishafar vilja halda sínum leyfum.

#### 4. Önnur mál

- Lagfæring á göngustíg frá Hlíðartúni yfir á N1. Unnið er að málinu.
- Spurt um skipulagsmál við Höfnina og vilyrði um hótél lóð við höfnina. Lóðarvilyrði í gildi. Skipulagsferlið eftir.
- Spurt um lóð sem búið var að úthluta milli Rarik og húsgagnaverslunarinnar. Bent á að uppbygging gæti verið ógn fyrir verslun og gistingu þar.
- Bent var á að ekki væri æskilegt að gefa leyfi fyrir stór hótél úti í sveit. Stóru hótélin ættu að vera hér og minni gisting í sveitunum. Ættum að vera að reyna að draga fólkið lengra inn í sveitarfélagið. 90% af fólkinu sem fer í íshella gistir vestan við Skaftafell. Þurfum ekki endilega að svara allri eftirspurn.
- Bent á að lagfæra þurfi göngubrýr á Ægissíðu. Einnig kom fram hugmynd um að tengja Ægissíðu og Lyngey með göngubrú svo hægt sé að fara hringinn.